

*Hann er Guð.*

Ó þú sem leitar sannleikans! Sjá mátt og mikilleika Bahá'u'lláh! Á skömmum tíma hefur Hann örvað og vakið austrið og vestrið og hafið á loft í hjarta heimsins fána ástar og samstillingar, einingar og friðar, vináttu og sátta, sannleika og réttisýni. Hann hefur frelsað frá fjandskap og deilum mikinn fjölda sálna sem tilheyra ýmsum og andstæðum þjóðum, ólíkum og stríðandi trúarbrögðum, og fært þau undir skýlandi tjaldhimin vináttu, ástar og einingar.

Hvílíkur máttur sem hér er á ferð og hvílíkur styrkur! Hvaða sannanir vilt þú aðrar og meiri? Hann hefur komið á nánunni samneyti austurs og vesturs. Einn og óstuddur stóð Hann gegn heiminum og hóf máttugan málstað sinn upp í fangelsinu mesta. Þótt Hann hafi þolað niðurlægingu og smán krýndi Hann höfuð ástvina sinna djásni eilífrar dýrðar. Þessi sönnun nægir sé hún litin réttisýnum augum.

Þú hefur skrifað um kostnað vegna svarbréfs. 'Abdu'l-Bahá hefur fórnað þér lífi sínu, og hversu þá miklu fremur jarðneskum eigum sínum! Heill fylgi þér og árnaðaróskir.